



Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga

Efnisyfirlit

Stefna um skógrækt	4
Samráð á vinnslustigi skipulags.	5
Umhverfismat skipulagsáætlana	6
Landsskipulagsstefna	6
Skógrækt í svæðisskipulagi.	7
Skógrækt í aðalskipulagi.	8
Skógrækt í deiliskipulagi	10
Ræktunaráætlanir	12
Framkvæmdaleyfi.	12
Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.	14
Varanleg skógareyðing.	17

Inngangur

Í þessu hefti eru settar fram almennar leiðbeiningar sem eiga að nýtast við mótun stefnu um skógrækt í skipulagsáætlunum. Einnig er leiðbeint um málsmæðferð og gögn sem þarf að leggja fram við gerð skógræktaráætlana, ósk um framkvæmdaleyfi og vegna skógræktar sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Í skipulagsáætlun er sett fram stefna sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar. Þar er jafnframt lýst forsendum að baki stefnunni og eftir atvikum hvernig staðið verður að framkvæmd hennar. Öll mannvirki og aðrar framkvæmdir sem hafa áhrif á

umhverfið og breyta ásýnd þess eiga að vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Í skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013 eru skilgreindar þrjár gerðir skipulagsáætlana, **svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag**. Við gerð skipulagsáætlana þarf að taka mið af landsskipulagsstefnu sem er samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál.

Rítið var fyrst gefið út árið 2008, en hefur verið uppfært árið 2016 miðað við áorðnar breytingar á lögum og stefnu stjórnvalda.

Stefna um skógrækt

Í skógræktarlögum nr. 3/1955 er sett fram opinber stefna um skógrækt og meðferð á skógi og kjarri. Markmið laganna er að vernda skóga sem fyrir eru og rækta nýja skóga þar sem henta þykir. Þegar unnið er að gerð áætlana um skógrækt þarf að hafa í huga að í öðrum lögum og reglugerðum eru sett önnur markmið sem fela í sér takmarkanir á skógrækt. Þess vegna þarf að skoða aðra stefnumörkun á vegum ríkis eða sveitarfélaga með það fyrir augum að samræma stefnu um skógrækt og tryggja að hún stangist ekki á við umhverfisverndarmarkmið s.s. um náttúruvernd, eða reglur um helgunarsvæði fornminja, vega og veitna auk annarra markmiða í fyrirbyggjandi skipulagsáætlunum.

Stefna stjórnvalda um að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags, er sett fram í náttúruverndarlögum. Lögin ná til vistkerfa eins og votlendis og ýmissa jarðmyndana sem njóta verndar og skal forðast að raska nema brýn nauðsyn beri til. Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra, t.a.m. gömul tré, njóta sérstakrar verndar og einnig landslag sem er sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs eða menningarlegs gildis.

Jarðalögum er ætlað að tryggja að land sem er vel fallið til búvöruframleiðslu verði áfram varðveitt til slíkra nota. Gert er ráð fyrir að ráðstöfun á landbúnaðarlandi, þ.m.t. til skógræktar, byggist á flokkun sem tekur mið af því hversu vel landið er fallið til ræktunar.

Skógrækt og landgræðsla hafa verið lykil-aðgerðir í loftslagsstefnu Íslands. Eitt af verkefnum sóknaráætlunar í loftslagsmálum (2015) er að efla bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi með skógrækt og landgræðslu auk þess að setja á fót verkefni um endurheimt votlendis.

Ritið *Skógar á Íslandi, stefna á 21. öld* (2013) hefur að geyma tillögu starfshóps til umhverfis- og auðlindaráðherra um almenna stefnu um skógrækt og umtalsverða útbreiðslu skóga á Íslandi. Skógræktin mælist til þess að ritið verði haft til viðmiðunar við gerð skipulagsáætlana á öllum stigum.

Í umfjöllun um skógrækt á öllum skipulagsstigum þarf að gera grein fyrir ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum um skógrækt og framkvæmdaleyfisskyldu.

Samráð á vinnslustigi skipulags

Skógræktin er ávallt álitsgjafi um málefni er tengjast skógrækt, skógvernd og eyðingu skóga í skipulagsáætlunum. Á öllum skipulagsstigum getur verið tilefni til að hafa samráð við skógræktarfélög og skógræktendur í viðkomandi landshluta um mál sem tengjast skipulagi skógræktar. Þegar lýsing eða vinnslutillaga samkvæmt skipulagslögum liggur fyrir þarf að hafa samráð við aðrar fagstofnanir, svo sem Umhverfisstofnun og Minjastofnun Íslands, ekki eingöngu vegna stefnu um hvar megi rækta skóg heldur einnig vegna annarrar landnotkunar sem kann að hafa í för með sér rask á skógi.

Samráð skal einnig haft við Skipulagsstofnun við gerð lýsingar skipulagstillagna og vegna umhverfismats skipulagstillagna samkvæmt skipulagslögum og lögum um umhverfismat áætlana. Hún er sveitarfélögum jafnframt til aðstoðar við mótun skipulagstillagna og fer yfir svæðis- og aðalskipulagstillögur áður en þær eru auglýstar. Skipulagsstofnun staðfestir svæðis- og aðalskipulag sveitarfélaga og yfirfer deiliskipulag sem sveitarstjórnir hafa samþykkt.



Umhverfismat skipulagsáætlana

Í skipulagsáætlunum á að gera grein fyrir áhrifum áætlunarinnar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma. Í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er gerð krafa um að umhverfisáhrif skipulagstillögu séu metin samhliða tillögugerðinni og með þeirri nákvæmni sem skipulagstillagan gefur tilefni til. Í svæðis- og aðalskipulagi er oft sagt almennt fyrir um landnotkun án þess að fyrir liggi ákvarðanir um endanlega staðsetningu, umfang eða tímasetningu einstakra framkvæmda. Tilgangur umhverfismats á þessu stigi er sérstaklega að fjalla um umhverfisáhrif

valkosta og samlegðaráhrif sem oft á tíðum er ekki raunhæft að fjalla um þegar um er að ræða mat á áhrifum einstakra framkvæmda. Skipulagsáætlanir sem fela í sér tilkynningarskylda skógrækt skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 eða varanlega skógarreyðingu, falla undir lög um umhverfismat áætlana. Skipulagsstofnun hefur gefið út leiðbeiningar um umhverfismat áætlana sem eru aðgengilegar á vef stofnunarinnar.

Landsskipulagsstefna

Í landsskipulagsstefnu eru sett fram leiðarljós um nýtingu lands og landgæða með það að markmiði að tryggja heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana og stuðla að sjálfbærri þróun og skilvirkri áætlanagerð. Þá er landsskipulagsstefnu ætlað að stuðla að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um landnotkun og nýtingu lands. Í þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um skipulag í dreifbýli sem miðar að fjölbreyttri nýtingu lands s.s. til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar í sátt við náttúru og landslag. Lögð er áhersla á að ákvarðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar byggist á flokkun landbúnaðarlands

og landslagsgreiningu. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau þarf að taka mið af því að skógrækt falli vel að landi og að sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útivistar séu samþætt. Við skipulagsgerð skal jafnframt leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa gildi út frá sögu, náttúrufari og menningu og gæta að álagi á vatn og vatnsvernd. Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana og samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Í því felst að samræma og útfæra landsskipulagsstefnu í skipulagsáætlunum.

Skógrækt í svæðisskipulagi

Meginhlutverk svæðisskipulags er að samræma stefnu sveitarfélaga í skipulagsmálum í þeim tilvikum þegar tvö eða fleiri sveitarfélög telja þörf á að marka sameiginlega stefnu um landnotkun. Staðbundnar ákvarðanir um landnotkun eru aðeins teknar í svæðisskipulagi að því marki sem nauðsyn þykir til að tryggja sameiginlega hagsmuni sveitarfélaganna eða

útfæra landsskipulagsstefnu. Ef skógrækt og landbúnaður eru viðfangsefni svæðisskipulags er hægt að marka stefnu um hvar eða við hvaða aðstæður skógrækt sé heimil. Stefna í svæðisskipulagi leggur grunn að stefnu í aðalskipulagi hlutaðeigandi sveitarfélaga.



Skógrækt í aðalskipulagi

Í aðalskipulagi er sett fram stefna hlutaðeigandi sveitarfélags um landnotkun og þróun byggðar í sveitarfélaginu, þar á meðal um skógrækt. Það á jafnt við um skógrækt á vegum sveitarfélagsins og annarra aðila.

Til þess að unnt sé að marka stefnu til framtíðar þarf að safna upplýsingum um þá skóga sem eru til staðar og skógræktaráform sem þegar liggja fyrir. Það á við um skóga á þegar skilgreindum skógræktar- og landgræðslusvæðum, landbúnaðarsvæðum, útivistarsvæðum og óbyggðum svæðum en einnig trjárækt innan þéttbýlismarka. Upplýsingar um núverandi og fyrirhugaða skógrækt fást hjá Skógræktinni og skógræktarfélögum. Upplýsingar um útbreiðslu birkiskóglendis fást hjá Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá.

Skógrækt leiðir til breytinga á umhverfinu og því er mikilvægt að greina þegar á mótunarstigi skipulagstillögu, hvaða breytingar framfylgd hennar sé líkleg til að hafa í för með sér.

Það er gert við mat á áhrifum skipulags-tillögunnar á umhverfið. Sem dæmi má nefna að skógrækt getur haft áhrif á gróðurfar, ásýnd lands og nærveður og einnig á svæði sem njóta verndar, s.s. vegna vatns, náttúrufars eða menningarminja. Stefna um skógrækt þarf að byggjast á greiningu og flokkun lands svo ákvarðanir um framtíðarnotkun byggist á góðum upplýsingum. Æskilegt er að setja fram og bera saman mismunandi valkosti um skógrækt, t.d. mismunandi staðarval og umfang, og velja síðan þá kosti sem auka jákvæð áhrif skógræktar og draga úr neikvæðum áhrifum, en framfylgja meginstefnu sveitarfélagsins að öðru leyti. Stefna aðalskipulagsins um skógrækt í sveitarfélaginu er höfð að leiðarljósi og útfærð nánar við gerð ræktunaráætlunar fyrir einstök skógræktarverkefni.

Hægt er að tryggja vernd skóga eða trjágróðurs með því að skilgreina hverfisvernd á viðkomandi svæði í skipulagi. Reglur hverfisverndar um umgengni og mannvirkjagerð ættu að miða að því að koma í veg fyrir óþarfa rask á svæðinu. Í hverfisverndarákvæðum skipulagsins þarf að gera grein fyrir hvert sé viðfangsefni verndunarinnar, hvaða landnotkun sé fyrirhuguð á hverfisverndarsvæðinu og hvernig hún falli að reglunum sem gilda á viðkomandi svæði.



Í aðalskipulagi skal setja fram stefnu um skógrækt og, eftir því sem við getur átt, afmarka núverandi og fyrirhuguð skógræktarsvæði á skipulagsupprætti. Stefna aðalskipulags um skógrækt getur fallið undir nokkra landnotkunarflokka.

Skógræktar- og landgræðslusvæði

Hægt er að markað stefnu um sérstök skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) sem auðkennd eru á skipulagsupprætti aðalskipulags. Það getur átt við fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, flest svæði sem skógræktarfélagin hafa umsjón með, skóga og skógræktarsvæði í grennd við þéttbýli. Enn fremur getur þetta átt við um skjólbelti og þjóðskógana sem eru reknir af Skógræktinni. Sé þessi leið valin munu ný skógræktarsvæði kalla á breytingu á aðalskipulagi, nema annað sé sérstaklega tekið fram sbr. skógrækt á landbúnaðarsvæðum.

Landbúnaðarsvæði

Markað þarf stefnu um nytjaskógrækt á landbúnaðarsvæðum (L) í aðalskipulagi í samræmi við flokkun landbúnaðarlands ef ekki er talið tilefni til að skilgreina þau sem sérstök skógræktar- og landgræðslusvæði. Setja þarf reglur eða viðmið um hvar og við hvaða aðstæður stefnt sé að skógrækt eða hvar skógrækt sé heimil, hvar hún sé heimil með tilteknum skilyrðum eða hvar hún kunni að vera óheimil, s.s. vegna verndarákvæða. Einnig getur í aðalskipulagi verið ástæða til að útfæra nánari reglur um framkvæmdaleyfi vegna skógræktarverkefna, málsmeðferð og gögn vegna umsókna um framkvæmdaleyfi, umfram það sem fram kemur í reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Opin svæði

Önnur skóglendi eru fyrst og fremst náttúrulegir birkiskógar utan landbúnaðarlands ætlaðir til almennrar útivistar. Þar er gert ráð fyrir stígum og áningarstöðum. Þessi skóglendi má skilgreina sem opin svæði (OP) í aðalskipulagi.

Svæði fyrir frístundabyggð ásamt afþreyingar- og ferðamannasvæðum

Á svæðum fyrir frístundabyggð (F) er almennt ekki gert ráð fyrir annarri trjárækt en þeirri sem er á hendi landeigenda/lóðarhafa, s.s. til að skapa skjól eða eftirsóknarvert umhverfi. Sama gildir um afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF) en undir þá landnotkun falla tjald- og hjólhýsasvæði, skemmtigarðar og önnur svæði fyrir móttöku og afþreyingu ferðafólks. Í aðalskipulagi getur þó verið tilefni til að setja stefnu um skógrækt og trjárækt á einstökum svæðum fyrir frístundabyggð, t.d. í þeim tilgangi að vernda náttúrulegan birkiskóg eða tryggja útsýni eða aðgengi.

Óbyggð svæði

Í aðalskipulagi eru óbyggð svæði og önnur opin svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkja-gerð sett í landnotkunarflokkinn óbyggð svæði (ÓB). Í þéttbýli getur þetta t.d. átt við belti með fram vegum, ám, vötnum eða sjávarströnd. Utan þéttbýlis er oftast um að ræða bæjarland umhverfis þéttbýlisstaði og óbyggðir utan heimalanda jarða. Meginlandnýting á óbyggðum svæðum í dreifbýli eru hefðbundnar nýttjar s.s. beit búfjár. Almennt er ekki gert ráð fyrir skógrækt á óbyggðum svæðum en þó getur þar verið náttúruskógur sem ástæða getur verið til að vernda.

Skógrækt í deiliskipulagi

Í deiliskipulagi eru ákvæði og stefna aðalskipulags útfærð nánar fyrir einstök svæði eða reiti, s.s. varðandi þéttleika byggðar, landnotkun, gatnakerfi, stærðir lóða og húsagerðir. Almennt er skógrækt ekki deiliskipulagsskyld nema þegar um er að ræða skógræktarsvæði þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð, s.s. stígum og byggingum.

Í deiliskipulagi skógræktarsvæða getur verið viðeigandi að tilgreina sem skipulagsskilmála ákvæði annarra laga og reglugerða sem geta átt við, s.s. um afmörkun helgunarsvæða fornleifa skv. lögum um menningarminjar.

Við gerð deiliskipulags á ræktuðum svæðum þarf að huga að brunavörnum m.t.t. sinu-, kjarr- og skógarelda.

Landbúnaðarsvæði og skógræktar- og landgræðslusvæði

Ekki er gert ráð fyrir að vinna þurfi deilis- skipulag fyrir skógrækt á landbúnaðarsvæðum ef nægilega skýr grein er gerð fyrir henni í aðalskipulagi. Það getur þó átt við ef um er að ræða aðra skipulagsskylda mannvirkjagerð á viðkomandi skógræktarsvæði eða ef stefna aðal- skipulags kveður á um það.

Opin svæði og útivistarsvæði í þéttbýli

Skógrækt í þéttbýli er almennt á svæðum sem skilgreind eru sem opin svæði í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags. Vinna þarf deili-

skipulag fyrir útivistarsvæði þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð, s.s. bílastæðum, stígum, salernum og leiktækjum. Ef ástæða þykir til, má í deiliskipulagi setja ákvæði um skógrækt, s.s. um áfangaskiptingu eða tegundanotkun, og takmarka aðra mannvirkjagerð með tilliti til skógræktarinnar eða setja takmarkanir á skógrækt á tilteknum svæðum eða beltum vegna verndar menningarminja, landslags eða útsýnis.

Víða í nágrenni þéttbýlissvæða hefur skógrækt verið stunduð um áratugaskeið. Markmið skógræktarinnar voru í upphafi breytileg, en í flestum tilfellum hafa skógræktarsvæðin verið opnuð og gerð aðgengileg til útivistar fyrir íbúa þéttbýlisins og aðra sem þangað sækja. Upphafleg landfræðileg afmörkun þessara skógræktarsvæða var oft tengd hagkvæmum girðingarlinum og stundum girðingum sem þjónuðu öðrum tilgangi en að vernda nýskóga. Skógræktinni á þessum svæðum var m.a. ætlað það hlutverk að vera eins konar umgjörð um þéttbýlið. Við þessar aðstæður hefur með tímanum orðið til skógarauðlind sem hefur skapað aðstæður til útivistar og náttúru- upplifunar.

Í mörgum tilfellum, m.a. til þess að tryggja gildi og aðgengi þessara skógræktarsvæða til útivistar í framtíðinni og einnig til að tryggja það að stækkun þéttbýlis verði ekki á kostnað þessara útivistarsvæða, getur verið nauðsynlegt að vinna deiliskipulag fyrir þau, annað hvort í heild eða að hluta. Slíkar deiliskipulagsáætlanir eru æskilegar til að tengja svæðin umferðarkerfi þéttbýlisins með vega- og stígagerð og vegna

snyrtinga, sorphirðu og aðgengis að leiksvæðum svo eitthvað sé nefnt.

Einnig getur verið viðeigandi að vinna deiliskipulag af skógræktarreitum sem sveitarfélög eða skógræktarfélög útdeila til almennings og félagasamtaka. Í slíku deiliskipulagi er þá gerð grein fyrir skógræktarreitum, byggingareitum fyrir aðstöðuhús, göngustígum, bílastæðum o.s.frv.

Frístundabyggð

Vinna þarf deiliskipulag fyrir frístundabyggðir. Í skipulagsskilmálum má setja ákvæði um afmörkun skógræktarsvæða og ákvæði um tegundanotkun, ef tilefni er til. Setja getur þurft ákvæði um fjarlægð trjáa frá lóðamörkum, s.s. vegna skuggavarps inn á nágrannalóðir. Þá getur verið að setja þurfi takmarkanir á mannvirkjagerð m.t.t. skógræktarinnar eða á skógræktina m.t.t. minja og útsýnis.

Á stöðum þar sem náttúrulegur birkiskógur er til staðar og fyrirhugað er að vinna deiliskipulag, t.d. fyrir frístundabyggð, er nauðsynlegt að huga vel að verndun skógarins út frá náttúruverndarsjónarmiðum. Þar sem ræktaður skógur er gæti þurft að huga að verndun hans út frá sögulegum sjónarmiðum eða vegna útivistargildis hans. Samkvæmt skógræktarlögum þarf að leita samþykkis skógræktarstjóra til rjóðurfellingar og er þar átt við að samhliða vinnslu deiliskipulags þurfi að leita umsagnar Skógræktarinnar um tillöguna. Í sömu lögum kemur jafnframt fram

að sá sem heggur skóg skuldbindur sig til að græða upp skóg að nýju á jafnstóru svæði og hefjast handa innan tveggja ára. Við þessar aðstæður, þar sem fyrirhugað er að fella skóg, er því nauðsynlegt að fram komi í deiliskipulagi flatarmál þess skógar sem fella þarf og hvernig mótvægisáðgerðum verði háttað. Skógræktin veitir nánari upplýsingar um hvernig staðið er að framkvæmd mótvægisáðgerða í samræmi við skógræktarlög.

Hverfisvernd

Í deiliskipulagi getur verið ástæða til að setja sérstök ákvæði um verndun trjálunda eða einstakra trjáa. Viða eru gamlir lundir eða gömul tré sem hafa sérstaka sögu, eru af sjaldgæfum tegundum, setja svip á umhverfi sitt eða hafa verndargildi af öðrum ástæðum. Best er að tryggja slíka vernd með því að skilgreina hverfisvernd í skipulagi og skýra nákvæmlega í reglum um hverfisverndarsvæðið hvaða réttindi, skyldur og kvaðir eru um umgengni og mannvirkjagerð.

Ræktunaráætlanir

Skógrækt sem nýtur ríkisstyrkja er áætlana-bundin framkvæmd. Fyrir hverja jörð sem framlag fær til skógræktar skv. lögum um skógrækt á lögbýlum skal gera ræktunaráætlun til 10 ára. Þetta á jafnt við um tímurskógrækt, landbótaskógrækt og sérverkefni í skógrækt.

Í ræktunaráætlun kemur m.a. fram eftirfarandi:

- Grunn gögn: Nákvæmar upplýsingar um staðsetningu og stærð svæðis, gróðurfar, gróðurþekju, halla og hallaátt, jarðvegsdýpt, undirlag jarðvegs, snjóalög, helstu vindáttir o.fl.
- Leiðbeiningar: Nákvæmar upplýsingar um hvernig standa skuli að ræktun skógar, s.s. um hvar skuli byrja, hvernig skuli staðið að jarðvinnslu og áburðargjöf, hvernig gróðursetningu skógarjaðra skuli hagað og hvernig val og blöndun trjátegunda skuli vera. Auk þess kemur fram ýmis almennur fróðleikur um skógrækt.

Framkvæmdaleyfi

Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess. Öll skógrækt sem fellur undir lög um mat á umhverfis-áhrifum er framkvæmdaleyfisskyld.

Með framkvæmdaleyfisumsókn skulu fylgja eftirfarandi gögn:

- Úrtök: Staðsetning náttúru- og menningar-minja sem kunna að vera umkringd skógræktarsvæðinu eða í grennd við það en eru ekki hluti af hinu samningsbundna skógræktarsvæði.

Ræktunaráætlun er nauðsynlegt tæki til að sú þekking sem er til staðar hverju sinni nýtist og árangur af ræktunarstarfinu verði sem bestur. Þetta á ekki síst við hérlandis þar sem ekki hefur skapast hefð og reynsla í skógrækt eins og hjá skógræktarþjóðum. Forsenda þess að vel takist til við skógræktina er að áætlunin sé unnin af fagfólki í skógrækt og endurskoðuð með vissu millibili til að tryggja vönduð vinnubrögð.

- Undirrituð umsókn frá framkvæmdaraðila þar sem framkvæmdinni er lýst og upplýsingar um hvaða skipulagsáætlanir hafa verið lagðar til grundvallar.
- Hnitsettur afstöðuuppráttur í tilgreindum mælikvarða (1:500-1:2000) af framkvæmdarsvæðinu, næsta nágrenni og aðkomu að því.

- Lýsing á svæðinu og ástandi þess.
- Hönnunargögn og lýsing á efnisvali, frágangi og áfangaskiptingu eftir atvikum.
- Upplýsingar um áætlaðan framkvæmdatíma.
- Skýringargögn, eftir því sem við getur átt, svo sem sneiðmyndir, útlitsmyndir, lýsing

á efnisnotkun, vinnuaðferðum og frágangi, landmótun og plöntuvali.

- Samþykki annarra leyfisveitenda ef við á og umsagnir lögbundinna umsagnaraðila ef þær hafa ekki legið fyrir við gerð gildandi skipulagsáætlana.



Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Nýræktun skóga

Öll nýræktun skóga er tilkynningarskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Ef um er að ræða nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum ber að tilkynna verkefnið til Skipulagsstofnunar, en ef það er minna en 200 ha skal það tilkynnt til viðkomandi sveitarfélags. Skipulagsstofnun eða eftir atvikum viðkomandi sveitarfélag ákvarðar hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Skógrækt, án tillits til stærðar, sem er fyrirhuguð á verndarsvæðum skal tilkynnt til Skipulagsstofnunar.

Þau svæði sem teljast verndarsvæði skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum eru:

- Náttúruminjar í A-, B- og C-hluta náttúru-minjaskrár, svæði sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og svæði í verndarflokki rammaáætlunar.

- Svæði sem njóta verndar skv. sérlögum, s.s. Þingvellir, Mývatn og Laxá og Breiðafjörður.
- Svæði innan 100 m fjarlægðar frá friðlýstum fornleifum.
- Vatnsverndarsvæði sem og svæði sem njóta verndar vegna mengunar í ám og vötnum.
- Svæði sem njóta verndar sem byggist á alþjóðasamningum, s.s. Ramsar- og Bernarsamningunum. Undir þetta falla ábyrgðategundir og tegundir á válista.
- Hverfisverndarsvæði skv. skipulagsáætlunum.

Tilkynning til Skipulagsstofnunar og sveitarfélaga

Tilkynningu um fyrirhugað skógræktarverkefni sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum þarf að fylgja greinargerð um verkefnið. Í greinargerðinni þurfa að koma fram tilteknar

upplýsingar þannig að unnt sé að taka ákvörðun um hvort viðkomandi verkefni skuli háð umhverfismati eða ekki. Við framsetningu gagna er nauðsynlegt að hafa í huga að þau þurfa að nýtast þeim sem ekki eru staðkunnugir.

Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja tilkynningunni í samræmi við 11. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015:

- Nafn framkvæmdaraðila og upplýsingar um staðsetningu skógræktarsvæðisins, þ.e. heiti jarðar og sveitarfélags. Gera þarf grein fyrir tilgangi fyrirhugaðrar skógræktar, t.d. hvort um er að ræða nytjaskógrækt, skógrækt til kolefnisbindingar eða annað. Unnt er að styðjast við flokkun mismunandi skógræktar eins og hún er sett fram á vef Skógræktarfélags Íslands.
- Upplýsingar um áfangaskiptingu framkvæmdar þurfa að koma fram hvort sem hún fer eftir svæðum, tegundum eða tíma.
- Fram þarf að koma hver sé áætluð stærð skógræktarsvæðisins, upplýsingar um núverandi landnotkun, uppdráttur sem sýnir mörk framkvæmdasvæðis, afstöðu svæðisins til nánasta umhverfis og mannvirki sem fyrir eru á svæðinu. Einnig þarf að koma fram hvort fyrirhugað skógræktarsvæði er á eða nærri verndarsvæðum, sbr. upptalningu á þeim hér að framan.
- Æskilegt er að sýna á uppdrætti hvernig skipta á svæðinu m.t.t. markmiða og tegunda-samsetningar.
- Gott er að birta ljósmyndir af viðkomandi skógræktarsvæði svo unnt sé að glöggva sig á því hvernig umhorfs er á svæðinu.
- Gera þarf grein fyrir þeim verkþáttum sem nauðsynlegt er að ráðast í vegna fyrirhugaðrar skógræktar, s.s. vegum, girðingum, skurðum, áveitulögnum og mannvirkjum sem tengjast vinnslu afurða, ef við á.
- Gera þarf grein fyrir áburðarnotkun, jarðvinnslu og notkun varnarefna.
- Lýsa þarf staðháttum, s.s. landslagi, gróðri, vatnafari, veðurfari, dýralífi og jarðvegi. Jafnframt þarf að greina frá náttúruminum á svæðinu.
- Sýna þarf staðsetningu skráðra fornleifa sem eru á svæðinu og hvernig upplýsinga um þær var aflað. Einnig skal tilgreina ráðstafanir til að forðast röskun þeirra.
- Gera þarf grein fyrir þeim stöðum innan framkvæmdasvæðisins þar sem óheimilt er að gróðursetja, t.d. vegna nálægðar við fornleifar eða mannvirki (t.a.m. vegi og raflínur) og svæða sem njóta verndar.
- Gera þarf grein fyrir samræmi framkvæmda við skipulag svæðisins, s.s. gildandi aðal-skipulag viðkomandi sveitarfélags.
- Tilgreina þarf hvaða þættir verkefnisins eru líklegastir til að hafa áhrif á umhverfið og hversu langvinn helstu umhverfisáhrifin eru, þ.m.t. á fornleifar, líffræðilega fjölbreytni,

landslag, gróður, landnotkun, vatnafar, veðurfar, dýralíf og jarðveg. Einnig þarf að gera grein fyrir því hvernig skógurinn fellur að landi, þ.e. áhrifum skógræktarinnar sem og fullvaxins skógar á landslag, sérstaklega m.t.t. nálægðar við „viðkvæm svæði“ s.s. sérstæðar jarðmyndanir, fossa, vötn o.s.frv.

Kynning og samráð

Áður en Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um hvort skógræktarverkefni skuli háð mati á umhverfisáhrifum leitar hún umsagna. Leitað er umsagna viðkomandi sveitarfélags, Mannvirkjastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Skógræktarinnar, Umhverfisstofnunar og eftir atvikum annarra. Það er alltaf til bóta að hafa samráð um gagnaöflun við ofangreinda umsagnaraðila áður en tilkynning er send til Skipulagsstofnunar. Í tilkynningunni ber að greina frá því hverjum hafi verið kynnt áformin og við hvaða þætti umsagnaraðilar hafi gert athugasemdir.

Í mörgum tilvikum má gera ráð fyrir að tilkynning um framkvæmd í flokki C kalli ekki á að leita þurfi umsagna stofnana, en Skipulagsstofnun mælir með því að ávallt

sé leitað umsagnar Minjastofnunar Íslands. Sveitarfélög geta nýtt þær umsagnir sem þegar kunna að liggja fyrir tengdar viðkomandi skógrækt, svo sem ef stofnanir hafa áður gefið umsögn um skipulag svæðisins eða ef framkvæmdaraðili hefur sjálfur aflað umsagna og lagt fram með tilkynningunni.

Leyfisveitingar

Ákvörðun Skipulagsstofnunar og sveitarfélags um matsskyldu skógræktarverkefna getur verið með tvennum hætti:

- Að fyrirhuguð skógrækt skuli háð mati á umhverfisáhrifum.
- Að fyrirhuguð skógrækt skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Hafa ber í huga að skógræktarverkefni sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum er háð framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarstjórnar, sem hún getur ekki gefið út fyrir en niðurstaða um matsskyldu liggur fyrir.

Varanleg skógareyðing

Varanleg skógareyðing er einnig tilkynningar-skyld til Skipulagsstofnunar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Hins vegar er ekki tilgreind stærð eða umfang í lögnum.

Hvergi í íslenskum lögum eða reglugerðum er að finna skilgreiningu á hvað teljist skógur. Skógræktin byggir því á alþjóðlegum skilgreiningum og viðmiðum. Samkvæmt þeim ber að miða við framkvæmdir sem fela í sér varanlega eyðingu skógar (trjákennds gróðurs) sem full-vaxinn getur náð a.m.k. 2 m hæð, er a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli og þekur a.m.k. 10% svæðis.

Tilkynning til Skipulagsstofnunar

Í greinargerð með tilkynningu til Skipulagsstofnunar skulu eftirfarandi gögn fylgja tilkynningunni, í samræmi við 11. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015:

- Nafn framkvæmdaraðila og upplýsingar um staðsetningu svæðisins sem á að ryðja skóginum af, þ.e. heiti jarðar og sveitarfélags.
- Gera þarf grein fyrir tilgangi fyrirhugaðs skógaruðnings.
- Framkvæmdalýsing, þ.m.t. heildarflatarmál skógarins, núverandi landnotkun, uppdráttur af svæðinu þar sem sýnd eru svæði sem til stendur að ryðja og mannvirki sem fyrir eru á svæðinu. Gera þarf grein fyrir gerð skógarins, þ.e. trjategundum, hæð og aldri.

- Gott er að birta ljósmyndir af viðkomandi svæði svo unnt sé að glöggva sig á því hvernig umhorfs er á svæðinu.
- Tengdar framkvæmdir, t.d. vegagerð o.fl.
- Lýsing á staðháttum, s.s. landslagi, gróðri, landnotkun, vatnafari, veðurfari, dýralífi og jarðvegi. Upplýsingar um náttúruminjar á svæðinu.
- Sýna þarf staðsetningu skráðra fornleifa sem eru á svæðinu og hvernig upplýsinga um þær var aflað. Einnig skal tilgreina ráðstafanir til að forðast röskun þeirra.
- Upplýsingar um hvernig framkvæmdirnar falla að gildandi aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.
- Í greinargerðinni þarf að tilgreina hvaða þættir verkefnisins valdi helst áhrifum á umhverfið og hversu langvinn áhrifin séu, þ.m.t. áhrif skógareyðingar á líffræðilega fjölbreytni.

Kynning og samráð

Áður en Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um hvort varanleg skógareyðing skuli háð mati á umhverfisáhrifum leitar hún umsagna. Leitað er umsagna viðkomandi sveitarfélags, Minjastofnunar Íslands, Skógræktarinnar, Umhverfisstofnunar og eftir atvikum annarra. Það er alltaf til bóta að hafa samráð um gagnaöflun við ofangreinda umsagnaraðila áður en

tilkynning er send til Skipulagsstofnunar. Í tilkynningunni ber að greina frá því hverjum hafi verið kynnt áformin og við hvaða þætti umsagnaraðilar hafi gert athugasemdir.

Leyfisveitingar

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu
getur verið með tvennum hætti:

- Að fyrirhuguð skógaeyðing skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

- Að fyrirhuguð skógarreyðing skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Hafa ber í huga að varanleg skógaeyðing sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum er háð framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarstjórnar, sem hún getur ekki gefið út fyrir en niðurstaða Skipulagsstofnunar um matsskyldu liggur fyrir.

**Gefið út af Skógræktinni
og Skipulagsstofnun
í janúar 2017**

Ritstjórn: Hallgrímur Indriðason
Grafísk hönnun og umbrot:
Þrúður Óskarsdóttir
Prentun: Ásprent
Myndir: Hreinn Óskarsson
og Pétur Halldórsson

Skógræktin
Gömlu-Gróðrarstöðinni, Krókeyri
600 Akureyri
sími 470 2000
skogur@skogur.is

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166, 150 Reykjavík
sími 595 4100
skipulag@skipulag.is

